

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976 með síðari breytingum.

1. gr.

a) Á eftir 8. mgr. 13. gr. kemur ný málsgrein sem verður 9. mgr. svohljóðandi:

Nú þykir sýnt að matsverð skips sé hærra en markaðsverð þess af sérstökum ástæðum, svo sem vegna skerts veiðiréttar skips, og geta þá bæði félagið og váttryggður krafist lækkunar váttryggingarverðsins til samræmis við markaðsverð. Váttryggingarverðið má þó ekki við slíka breytingu verða lægra en samanlagðar fjárhæðir þeirra veðskulda sem á skipinu hvíla. Ef ágreiningur er um váttryggingarverð samkvæmt þessari málsgrein skal skorið úr með mati tveggja dómkvaddra matsmanna.

b) 9. - 11. mgr. 13. gr. verða 10. - 12. mgr. 13. gr.

2. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. svohljóðandi: Hafi váttryggingarverð skips verið ákveðið lægra en matsverð þess samkvæmt 9. mgr. 13. gr., skal sjálfsábyrgð eiganda í sérhverju tjóni, öðru en alskaða, vera það hlutfall sem váttryggingarverðið er lægra en matsverðið, auk sjálfsábyrgðar skv. 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Á eftir 6. tl. í 22. gr. kemur nýr töluliður sem verður 7. tl. svohljóðandi:

7. Tjón, sem beint eða óbeint leiðir af jónískri geislun eða geislavirkri mengun frá kjarnakljúfum, af sprengingu kjarnaeldsneytis eða geislavirkum, eitruðum, sprengjuhættum eða öðrum hættulegum eiginleikum hvers kyns kjarnasafns eða kjarnahluta þess.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.